

366. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 30. janúar 2025 kl. 16:00.



Mætt: Lárus L. Blöndal forseti, Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti, Olga Bjarnadóttir 2. varaforseti, Hörður Þorsteinsson gjaldkeri, Elsa Nielsen, Garðar Svansson, Hafsteinn Pálsson, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Hjördís Guðmundsdóttir, Kári Mímisson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Viðar Garðarsson, Andri Stefánsson framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir sviðsstjóri Stjórnsýslusviðs.

Á Microsoft Teams: Daníel Jakobsson.

Forföll: Valdimar Leó Friðriksson.

Forseti setti fund og stýrði honum. Hann minntist Ellerts B. Schram Heiðursforseta ÍSÍ sem lést 24. janúar síðastliðinn. Útför Ellerts verður frá Hallgrímskirkju föstudaginn 7. febrúar nk. Hátíðarfáni ÍSÍ mun standa uppi við útförina.

Dagskrá:

1. Frá skrifstofu

Andri Stefánsson framkvæmdastjóri fór yfir helstu verkefni skrifstofu ÍSÍ, sbr. samantekt sem fylgdi fundargögnum. Búið er að tryggja fjármagn til verkefnisins Bjarts lífstíls vegna ársins 2025 en breytingar hafa orðið í stýringu verkefnisins þar sem Ásgerður Guðmundsdóttir annar tveggja verkefnastjóra Bjarts lífstíls er hætt störfum hjá LEB. Skoða þarf næstu skref í kjölfar þessara breytinga.

Setning Lífshlaupsins verður á Landspítalanum 5. febrúar nk. að viðstöddum háttsettum gestum úr stjórnkerfinu.

Framkvæmdastjóri ræddi trúnað um þau málefni sem eru til umræðu á framkvæmdastjórnarfundum.

Með tilvísun í hvatningu á opnum, fjölmennum fundi menningar-, íþrótt- og tómsfundasviðs Reykjavíkurborgar fyrir skömmu um greiningar á hagrænu gildi íþróttar fyrir samfélagið/þjóðfélagið þá hvatti Úlfur Hróbjartsson ÍSÍ til að stuðla að slíkri úttekt og flýta henni. Fleiri fundarmenn tóku undir mál Úlfs og var áhersla lögð á að fagaðili yrði fenginn til að vinna slíka úttekt.

2. Fjármál

Hörður Þorsteinsson gjaldkeri skýrði frá því að búið væri að óska eftir fundi með fjármála- og efnahagsmálaráðherra til að ræða ýmis fjármálatengd mál er varða íþróttahreyfinguna, þar á meðal skattatengd málefni.

Umræður urðu um verktaka og launþega í íþróttahreyfingunni og áherslur Skattsins í kjölfar nýútgefins bæklingis um skattskyldu íþróttafélaga.

Hörður skýrði frá því að fjármálaráð ÍSÍ væri að skoða nokkrar breytur varðandi lottóskiptingu til sérsambanda og hugsanlegar breytingar þar að lútandi. Ef fjármálaráð telur ástæðu til breytinga á þeim mælikvörðum sem notaðir voru við síðustu úthlutun þá verður lögð tillaga þar að lútandi til framkvæmdastjórnar til afgreiðslu.

Hörður lagði til að fyrsta greiðsla lottós verði greidd eftir þeirri reglu sem í gildi var á síðasta ári og gerðar verði lagfæringar eftir á.
Talsverðar umræður urðu um málið.

Tillaga gjaldkera var samþykkt. Ragnheiður Ríkharðsdóttir og Úlfur Hróbjartsson sátu hjá.

3. Afreksíþróttir

Forseti og framkvæmdastjóri fóru yfir stöðu mála.

a. *Skipting viðbótarfjármagns vegna 2025*

Viðbótarfjármagn til afreksmálefna var samtals 637 milljónir króna vegna ársins 2025. Á síðasta fundi framkvæmdastjórnar var samþykkt að úthluta 260 milljónum til sérsambanda en í ljósi þess að mikil þörf er á fjármagni þá er lögð fram tillaga um að hækka úthlutun til sérsambanda upp í 300 milljónir af ofangreindri fjárhæð. Vinnuhópur hefur unnið að því að skoða skiptingu fjármagnsins til sérsambanda, með aðkomu aðila úr starfshópi mennta- og barnamálaráðuneytis, með hliðsjón af öðrum þáttum sem fjármagnið á að nýtast til, svo sem uppbyggingu Afreksmiðstöðvar Íslands o.s.frv. Framkvæmdastjóri skýrði áherslur þessa hóps varðandi útreikning úthlutunar til sérsambandanna og lagði fram minnisblað með ítarlegum upplýsingum. Miklar umræður urðu um ýmsa þætti þessu tengdu.

Samþykkt að fela Afrekssjóði ÍSÍ að vinna tillögu að úthlutun til sérsambanda með hliðsjón af áherslum ofangreinds vinnuhóps sem farið var yfir á fundinum.

Vinnunni verður hraðað eins og hægt er til að flýta fyrir útgreiðslum. Kallað verður til aukafundar í framkvæmdastjórn þegar tillagan liggur fyrir. Ef þurfa þykir, þá verður einnig kallað til fundar á Teams á milli funda.

b. *Innleiðing á nýju umhverfi afreksíþróttar*

Framkvæmdastjóri skýrði frá því að ÍSÍ þurfi að skila upplýsingum og tímalínu til mennta- og barnamálaráðuneytis á morgun, 31. janúar þar sem fram komi meðal annars fram fjárskipting á stuðningi stjórnvalda og hvernig verkefnið verði innleitt á árinu 2025. Á því minnisblaði þar sem kynntar voru tillögur vinnuhóps um úthlutun til sérsambanda voru einnig tillögur að innleiðingu þessa verkefnis sem og hvernig fjármagninu skuli skipt í hina ýmsu þætti. 300 m.kr. eru veittar í afreks- og landsliðsstarf sérsambanda. Miðað er við að 120 m.kr. fari í greiðslur sem snúa að framfærslukostnaði afreksíþróttafólks og þjálfara, 100 m.kr. til að koma til móts við kostnaðarpáttöku landsliðsfólks á árinu 2025, þ.e. þátttakendur í yngri landsliðum, og 117 m.kr. í að koma á fót og reka Afreksmiðstöð Íslands, þ.m.t. kostnað við þjónustu við afreksíþróttafólk, rannsóknir/mælingar og hæfileikamótun.

Innleiðingaráætlunin samkvæmt minnisblaðinu samþykkt.

4. Svæðisstöðvar

Fundur var haldinn með starfsfólki svæðisstöðva íþróttahéraða og stjórnnum ÍSÍ og UMFÍ 23. janúar sl. Starfsfólk svæðisstöðvanna kynnti niðurstöður úr greiningarvinnu sem þau hafa unnið á svæðunum. Margar sameiginlegar áskoranir er að finna á svæðunum og staðan er víða erfið. Verið er að vinna samantektarskýrslu úr greiningum stöðvanna.

Rætt um fjármögnun svæðisstöðvanna til lengri tíma litið. Fjármagni stjórnvalda til verkefnisins fyldu ýmsar kvaðir en reynst hefur erfitt að útbúa kvarða til að mæla árangur í þeim áhersluþáttum sem fylgdu fjármagninu frá mennta- og barnamálráðuneyti um árangur. Leita þarf til ráðuneytis eftir aðstoð við gerð mælikvarðanna.

5. Breytingar á Reglugerð Íþróttamannanefndar ÍSÍ

Kári Mímísson formaður Íþróttamannanefndar ÍSÍ lagði fram og skýrði breytingatillögur á Reglugerð um Íþróttamannanefnd ÍSÍ.

Umræður urðu um nokkur ákvæði reglugerðarinnar. Samþykkt að Kári, Helga Þórðardóttir, Líney Rut Halldórsdóttir og Halla Kjartansdóttir fari á milli funda yfir athugasemdirnar sem komu fram á fundinum og lagfæri breytingatillögurnar í samræmi við þær. Gert er ráð fyrir því að málið komi aftur inn á fund framkvæmdastjórnar þegar þeirri yfirferð er lokið.

6. Ályktun Íþróttamannanefndar ÍSÍ um Íþróttamann ársins

Kári fylgdi úr hlaði ályktun Íþróttamannanefndar ÍSÍ um kjör Íþróttamanns ársins.

Nefndin er samhljóma um að fyrirkomulag kjörs Íþróttamanns ársins þurfi að taka breytingum og einnig sýndu niðurstöður óformlegrar könnunar á meðal stjórnarfólks í sérsamböndum og meðal íþróttafólks skýran vilja um breytingar í þá átt að fleiri komi að vali Íþróttamanns ársins.

Framkvæmdastjóra falið að setja sig í samband við Samtök íþróttافرéttamanna vegna málsins.

7. Staðfesting á hópnum á EYOWF

Framkvæmdastjórn ÍSÍ staðfesti með rafrænum hætti í gegnum tölvupóst tillögu Afrekssviðs ÍSÍ um íslenska hópinn á Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar. Sú samþykkt er hér með formlega bókuð í fundargerð.

Hópurinn er eftirfarandi:

Listskautar:

Sædís Heba Guðmundsdóttir, keppandi, Jana Omelinova, þjálfari og Þóra Sigríður Torfadóttir, flokkstjóri.

Alpagreinar:

Andri Kári Unnarsson, keppandi, Arnór Alex Arnórsson, keppandi, Eyvindur Halldórsson Warén, keppandi, Ólafur Kristinn Sveinsson, keppandi, Aníta Mist Fjalarsdóttir, keppandi, Erla Karítas Blöndahl Gunnlaugsdóttir, keppandi, Kristín Sædís Sigurðardóttir, keppandi og Sara Mjöll Jóhannsdóttir, keppandi.

Fjalar Úlfarsson, þjálfari og Egill Ingi Jónsson, þjálfari.

Skíðaganga:

Árný Helga Birkisdóttir, keppandi, María Kristín Ólafsdóttir, keppandi, Eypór Freyr Árnason, keppandi, Hjalti Böðvarsson, keppandi, Stefán Þór Birkisson, keppandi og Róbert Bragi Vestmann Kárason, keppandi.

Þorsteinn Hymer, þjálfari og Ólafur Thorlacius Árnason, þjálfari.

Snjóbretti:

Jökull Bergmann Kristjánsson, keppandi og Oddur Vilberg Sigurðsson, þjálfari

Flokkstjóri fyrir skíðagreinarnar: Helga Björk Árnadóttir.

Frá ÍSÍ:

Aðalfararstjóri: Brynja Guðjónsdóttir, sérfræðingur á Afrekssviði ÍSÍ

Aðstoðarfararstjóri: Margrét Regína Grétarsdóttir, verkefnastjóri hjá ÍSÍ

Sjúkráþjálfari: Erla Ásgeirsdóttir.

Dómari fyrir listskauta stúlkna: Halla Björg Sigurbórsdóttir

Framkvæmdastjóri mun sækja setningarhátíð hátíðarinnar og fyrstu keppnisdagana og Líney Rut Halldórsdóttir verður allan tímann sem formaður EOC EYOF Commission.

8. Lagarammi og viðmið

Laganefnd hefur unnið lagaviðmið og leiðbeiningar fyrir íþróttafélög varðandi þau ákvæði sem æskilegt er að þau hafi í lögum sínum og voru þau skjöl lögð fram til kynningar. Viðmiðin og leiðbeiningarnar verða sendar út til hreyfingarinnar en skjölin verða einnig aðgengileg á heimasíðu ÍSí.

9. Íþróttaping

Framkvæmdastjóri fór yfir undirbúning og tímalínu fyrir Íþróttapingið sem fram fer dagana 16. og 17. maí nk.

10. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og samþykktar:

- 364. og 365. fundar framkvæmdastjórnar ÍSí
- 326. fundar Afrekssjóðs ÍSí
- Fundar Fjármálaráðs ÍSí frá 6. janúar 2025
- 1. fundar Verkefnasjóðs ÍSí 2025. **Tillögur um styrkveitingar staðfestar.**
- 1. og 2. fundar laganefndar ÍSí 2025. **Tillögur um afgreiðslu mála samþykktar.**

11. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði sem fram undan eru.

12. Næstu fundir

Næstu fundir framkvæmdastjórnar verða mánudaginn 17. febrúar og fimmtudaginn 6. mars nk.

13. Önnur mál

Ályktun fundar ÍBR, ÍBH og UMSK með aðildarfélögum um skattamál

Lögð fram til kynningar ályktun fundar ÍBR, ÍBH og UMSK með aðildarfélögum þeirra, um skattamál íþróttafélaga, sem haldinn var 9. janúar sl. Í henni kemur fram áskorun á stjórnvöld að eiga í uppbyggilegu samtali við íþróttafélögin í landinu um starfsumhverfi þeirra og tryggja að rekstrargrundvellingnum sé ekki kippt undan þeim, með ófyrirséðum afleiðingum fyrir barna- og unglingastarf í landinu sem og íþróttalíf almennt.

Ofbeldi í hreyfingunni

Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir óskaði eftir því að framkvæmdastjórn ÍSí skerpti á fyrri yfirlýsingum um að ÍSí fordæmi allt ofbeldi í íþróttum, í ljósi mikilla umræðna í samfélaginu um ofbeldi í íþróttahreyfingunni.

Umræður urðu um málið. Samþykkt samhljóða að gefa út eftirfarandi ályktun:

„Framkvæmdastjórn Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí) fordæmir allt ofbeldi í íþróttahreyfingunni.

Samkvæmt hegðunar-viðmiðum ÍSí er áhersla lögð á að þjálfarar gæti að málfari sínu og hegðun, nýti stöðu sína á uppbyggilegan hátt og beiti sér gegn öllu ofbeldi. Því lítur framkvæmdastjórn atvik þar sem þjálfari öskrar, slær til iðkenda og/eða niðurlægir með

orðum alvarlegum augum og ítrekar að slík misbeiting á valdi á ekki heima í okkar hreyfingu.

ÍSí vinnur að gerð Öryggis- og velferðarstefnu fyrir íþróttahreyfinguna ásamt lagabreytingum sem miða að því að auka enn frekar farsæld iðkenda og annarra sem tengjast íþróttastarfinu og skapa skýrari ramma um mál er snúa að velferð og öryggi innan hreyfingarinnar.”

Skrifstofu falið að koma ályktuninni á framfæri á miðlum ÍSí og með fréttatilkynningu til fjölmiðla.

Vetrariþróttamiðstöð Íslands

Viðar Garðarsson fulltrúi ÍSí í stjórn Vetrariþróttamiðstöð Íslands sagði frá stefnumótunarvinnu varðandi miðstöðina. Aton vinnur nú að málinu með stjórninni og er beðið eftir næstu skrefum frá þeim.

Þjóðarhöllin í innanhússíþróttum

Rætt um stöðu mála. Þórey Edda skýrði frá því að hún hafi stigið út úr stjórn verkefnisins 1. september sl. þar sem Verkís, hennar vinnuveitandi, er einn af þeim aðilum sem taka þátt í samkeppni um verkefnið.

Fyrirspurn um farveg erinda til ÍSí

Úlfur H. Hróbjartsson spurðist fyrir um farveg bréfa sem berast til framkvæmdastjórnar ÍSí. Framkvæmdastjóri svaraði fyrirspurninni.

Skilakerfi ÍSí og UMFÍ

Olga Bjarnadóttir spurðist fyrir um opnun skilakerfis ÍSí og UMFÍ fyrir starfsskýrslur. Halla Kjartansdóttir upplýsti að verið sé að leggja lokahönd á nokkrar uppfærslur og viðbætur í kerfinu en stefnt væri á opnun 15. febrúar nk.

Jafnréttisáætlun fyrir íþróttafélög og leiðbeiningar um gerð jafnréttisáætlana

ÍSí og Jafnréttisstofa hafa yfirfarið og uppfært jafnréttisáætlun fyrir íþróttafélög og leiðbeiningar þar að lútandi. Efnið verður sent út til sambandsaðila til kynningar eftir helgi. Viðar Sigurjónsson sérfræðingur á Stjórnslusviði hefur leitt þessa vinnu í samstarfi við Jafnréttisstofu sem hefur aðsetur á Akureyri.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari